

Til: Aðildarfélagi Festu – miðstöðvar um samfélagsábyrgð

Frá: Stjórn Festu

Dags: 10.4.2017

**Efni: Tillögur að breytingum á samþykktum Festu**

Ágæti félagi,

Á stjórnarfundum Festu þann 3. mars 2017 samþykkti stjórn félagsins að leggja neðangreindar breytingar á samþykktum fyrir aðalfund þann 27. apríl næstkomandi.

Stjórn Festu leggur til að samþykktunum verði breytt þannig að vægi stofnfélaga verði jafnað á við aðra félagi. Rökin eru að Festa hefur nú slitið barnsskónum. Tilgangur og hlutverk félagsins hafa fest sig í sessi og því þarf félagið ekki lengur að styðjast sérstaklega við stofnfélaga.

Breytingarnar snerta félögin sex sem stofnuðu Festu og í samþykktum félagsins segir að þeim greinum er snerta stjórn félagsins „verði ekki breytt án samþykkis stofnfélaga sem hafa greitt árgjald og sækja lögmætan aðalfund“. Því hefur stofnfélögunum verið sendar þessar breytingartillögur og engin mótmæli hafa borist.

Meginbreytingin sem snertir stofnfélaga er að lagt er til að ákvæði 8 gr. um að a.m.k. tveir stjórnarmenn komi ávallt úr röðum stofnfélaga, verði fellt úr gildi.

Til útskýringar eru núverandi samþykktir hér í venjulegu letri en tillögur um breytingar í rauðu skáletri. Rökstuðningur fyrir breytingunum er feitletraður og innan hornklofa.

Ef þú hefur aðrar spurningar eða athugasemdir er hægt að hafa samband við undirritaðan eða Ketil B Magnússon, framkvæmdastjóra Festu (ketill@csriceland.is eða 89849899)

Virðingarfyllt,

Fh. stjórnar Festu  
Finnur Sveinsson  
formaður stjórnar Festu  
fisv@simnet.is

## Samþykktir Festu – miðstöðvar um samfélagsábyrgð fyrirtækja

1. gr.

Nafn félagsins og félagsform

Félagið er almennt félag. Nafn þess er Festa, miðstöð um samfélagsábyrgð fyrirtækja.

2. gr.

Heimili

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

3. gr.

Tilgangur

Tilgangur félagsins er að auka þekkingu á samfélagslegri ábyrgð fyrirtækja og efla getu fyrirtækja til að tileinka sér samfélagslega ábyrga starfshætti.

4. gr.

Starfsemi

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því að skipuleggja fjölbreytta starfsemi til að efla samskipti og fræðslu um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja.

5. gr.

Stofnfélagar

Stofnfélagar eru:

- 1) Alcan á Íslandi hf., kt. 680466-0179, Straumsvík, 220 Hafnarfjörður
- 2) Íslandsbanki hf., kt. 491008-0160, Kirkjusandi 2, 155 Reykjavík
- 3) Landsbankinn hf., kt. 471008-0280, Austurstræti 11, 155 Reykjavík



4) Landsvirkjun, kt. 420269-1299, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík

5) Síminn hf., kt. 500269-6779, Ármúla 25, 108 Reykjavík

6) Össur hf., kt. 560271-0189, Grjóthálsi 5, 110 Reykjavík

**[Stjórn Festu leggur til að samþykktunum verði breytt þannig að vægi stofnfélaga verði jafnað á við aðra félag. Rökin eru að Festa hefur nú slitið barnsskónum. Tilgangur og hlutverk félagsins hafa fest sig í sessi og því þarf félagið ekki lengur að styðjast sérstaklega við stofnfélaga. Lagt er til að 5. gr. um stofnfélaga verði felld út, en jafnframt er lagt til að í gr. 6 verði tilurð og stofnfyrirkomulagi félagsins haldið til haga. Raðnúmer greina taka breytingum í samræmi við að gr. 5 er felld út.]**

6. gr.

Stofntímabil og stofnfé

Stofntímabil félagsins var þrjú ár, árin 2011-2013. Stofnfé félagsins var kr. 10.200.000,- í upphafi sem lagt var fram af stofnfélögum, alls kr. 1.700.000,- á hvern stofnfélaga. Sömu upphæð lögðu stofnfélagar til næstu tvö árin þar á eftir. Á árunum 2012 og 2013 greiddu stofnfélagar framlag sitt á fyrsta ársfjórðungi, annað hvort að fullu í upphafi árs eða með jöfnum framlögum á fyrstu þremur mánuðum ársins, þ.e. um kr. 566.667,- í upphafi hvers mánaðar

**[Stjórn Festu leggur til að haldið sé til haga hvernig stofnun félagsins var framkvæmd og fjármögnuð, en greinin einfölduð.]**

6. gr.

*Um stofnun félagsins*

*Festa var stofnuð árið 2011 af sex félögum; Íslandsbanka, Landsbankanum, Landsvirkjun, Rio Tinto Alcan á Íslandi, Símanum og Össuri. Stofntímabil félagsins var frá árinu 2011 til 2014. Var það sá tími sem stofnfélögin skuldbundu sig til að skipuleggja félagið og koma því á laggirnar. Heildarstofnfé var 30,6 m.kr. eða 5,1 m.kr. á hvern stofnfélaga sem greiddist með þremur árlegum greiðslum.*

7. gr.

Félagsaðild og árgjald



Til að gerast félagi í félaginu skulu fyrirtæki, stofnanir og samtök sækja sérstaklega um til stjórnar félagsins. Í umsókn skal meðal annars koma fram sú yfirlýsing umsækjanda að hann undirgangist gildi félagsins, siðareglur, markmið og tilgang. Þá skal viðkomandi skuldbinda sig til að greiða árgjald eins og það er ákvarðað hverju sinni. Að fenginni umsókn tekur stjórn félagsins afstöðu til umsóknarinnar og telst hún samþykkt ef meirihluti stjórnar samþykkir viðkomandi en ella hafnað.

8. gr.

### Stjórn

Fyrsta stjórn félagsins, að loknu stofntímabili, skal skipuð alls fimm aðalmönnum og tveimur til vara og eru þeir kosnir til tveggja ára í senn. Tveir stjórnarmenn skulu koma úr hópi stofnfélaga, auk þess er heimilt að kjósa sjötta stjórnarmann frá þeim háskóla sem veitir félaginu aðstöðu.

Aðalmenn og varamenn í stjórn eru kosnir á aðalfundi félagsins. Þeir félagar hafa kjörgengi og kosningarétt sem eru skuldlausir við félagið viku fyrir aðalfund. Óskað skal eftir framboðum, bæði til aðalstjórnar og varastjórnar, í fundarboði aðalfundar, sbr. 9. gr. og lýkur framboðsfresti einni viku fyrir aðalfund. Á fyrsta aðalfundi eftir að stofntímabili lýkur skulu kosnir þrír aðalmenn og einn varamaður til tveggja ára og tveir aðalmenn og einn varamaður til eins árs.

Kjósendur geta kosið jafn marga fulltrúa og fjöldi þeirra stjórnarsæta og varastjórnarsæta, sem í boði eru, segir til um. Kjósendur hafa mismundi atkvæðamagn og skiptist það sem hér segir:

Félagsaðili með yfir 200 starfsmenn: 5 atkvæði

Fyrirtæki með 50-199 starfsmenn: 4 atkvæði

Fyrirtæki með 10-49 starfsmenn og menntastofnanir: 3 atkvæði

Fyrirtæki með 2-9 starfsmenn: 2 atkvæði

Fyrirtæki með einn starfsmann, einstaklingar og félagasamtök: 1 atkvæði

Stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta stjórnarfundi að loknum aðalfundi. Stjórnin mótar stefnu félagsins í samræmi við tilgang þess og skal sjá til þess að skipulag og starfsemi þess sé jafnan í lögmætu og góðu horfi. Undirskrift meirihluta stjórnar skuldbindur félagið. Stjórn skal ráða félaginu framkvæmdarstjóra sem skal framfylgja stefnu félagsins og reglum um skipulag.

Stjórnarfundir skulu haldnir a.m.k. ársfjórðungslega. Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Stjórnarfundir eru lögmætir ef að minnsta kosti þrír stjórnarmenn sækja fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að þær hafi verið kynntar í fundarboði stjórnarfunda með a.m.k. viku fyrirvara. Falli atkvæði stjórnarmanna jöfn á stjórnarfundi fellur tillagan. Halda skal fundargerðir um stjórnarfundi.



Framkvæmdastjóri situr stjórnarfundum og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

[Í 8. gr. er áfram lagt til að sérákvæði um stofnfélaga og stofntímabil séu felld út. Það hefur meðal annars í för með sér að felld er niður ákvæði um að a.m.k tveir fulltrúar úr röðum stofnfélaga sitji ávallt í stjórn. Einnig er hér sett fram með skýrari hætti hvernig kosningar félagsins tryggja að stjórnarfolk hætti ekki allt á sama tíma svo nægjanleg þekking sé fyrir hendi hjá stjórnarmönnum á hverjum tíma. Einnig er lagt til að takmarka ekki tegund hýsingaraðila í framtíðinni við háskóla. ]

*8. gr.*

*Stjórn*

*Stjórn félagsins skal skipuð alls fimm aðalmönnum og tveimur til vara og eru þeir kosnir til tveggja ára í senn. Annað hvert ár eru tveir stjórnarmenn og einn varamaður kosnir til tveggja ára. Hitt árið eru kosnir þrír stjórnarmenn og einn varamaður til tveggja ára. Heimilt er að kjósa sjötta stjórnarmann frá samstarfsaðila sem veitir félaginu aðstöðu.*

*Aðalmenn og varamenn í stjórn eru kosnir á aðalfundi félagsins. Þeir félagar hafa kjörgengi og kosningarétt sem eru skuldlausir við félagið viku fyrir aðalfund. Óskað skal eftir framboðum, bæði til aðalstjórnar og varastjórnar, í fundarboði aðalfundar, sbr. 9. gr. og lýkur framboðsfresti einni viku fyrir aðalfund.*

*Kjósendur geta kosið jafn marga fulltrúa og fjöldi þeirra stjórnarsæta og varastjórnarsæta, sem í boði eru, segir til um. Kjósendur hafa mismundi atkvæðamagn og skiptist það sem hér segir:*

*Félagsaðili með yfir 200 starfsmenn: 5 atkvæði*

*Fyrirtæki með 50-199 starfsmenn: 4 atkvæði*

*Fyrirtæki með 10-49 starfsmenn og menntastofnanir: 3 atkvæði*

*Fyrirtæki með 2-9 starfsmenn: 2 atkvæði*

*Fyrirtæki með einn starfsmann, einstaklingar og félagasamtök: 1 atkvæði*

*Stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum að loknum aðalfundi. Stjórnin mótar stefnu félagsins í samræmi við tilgang þess og skal sjá til þess að skipulag og starfsemi þess sé jafnan í lögmætu og góðu horfi. Undirskrift meirihluta stjórnar skuldbindur félagið. Stjórn skal ráða félaginu framkvæmdastjóra sem skal framfylgja stefnu félagsins og reglum um skipulag.*

*Stjórnarfundir skulu haldnir a.m.k. ársfjórðungslega. Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Stjórnarfundir eru lögmætir ef að minnsta kosti þrír stjórnarmenn sækja fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að þær hafi verið kynntar í*



*fundarboði stjórnarfunda með a.m.k. viku fyrirvara. Falli atkvæði stjórnarmanna jöfn á stjórnarfundum fellur tillagan. Halda skal fundargerðir um stjórnarfundum.*

*Framkvæmdastjóri situr stjórnarfundum og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.*

9. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn fyrir lok apríl ár hvert. Rétt til að sækja aðalfundinn eiga þeir félagsmeðlimir sem eru skuldlausir viku fyrir fundinn. Til aðalfundarins skal boða með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara og skal fundarboðið að lágmarki birt á vefsíðu félagsins og sent í tölvupósti á skráða félagsmeðlimi. Á aðalfundi félagsins skulu að minnsta kosti eftirfarandi mál tekin til afgreiðslu:

- 1) Skýrsla stjórnar
- 2) Reikningar liðs reikningsárs
- 3) Breytingar á samþykktum félagsins
- 4) Skipan í stjórn
- 5) Kjör skoðunarmanns reikninga
- 6) Önnur mál

Stjórn félagsins sem og 1/3 félagsmeðlima hafa heimild til að óska eftir aukafundum í félaginu.

**[Í 9. gr. er orðinu „félagsmeðlimir“ skipt út á nokkrum stöðum fyrir orðið „félagi“. Undantekning er í síðustu mgr. fyrstu efnisgr. 9. gr. þar sem orðið „félagsmeðlimi“ er skipt út fyrir orðin „tengiliði félaga“.**

Lagt er til að aðalfundur skuli boðaður með minnst fimm vikna fyrirvara. Rökin fyrir fimm vikna fyrirvara er að oft eru páskar á þessum tíma og getur einn mánuður verið of skammur fyrirvari til að bera breytingar á lögum félagsins.

**Nauðsynlegt þykir að skerpa á hvernig skuli standa að aukaaðalfundi, t.d. hvað varðar tímamörk og breytingatillögur.]**

*9. gr.*

*Aðalfundur félagsins skal haldinn fyrir lok apríl ár hvert. Rétt til að sækja aðalfundinn eiga þeir félagar sem eru skuldlausir viku fyrir fundinn. Til aðalfundarins skal boða með a.m.k. fimm vikna*



*fyrirvara og skal fundarboðið að lágmarki birt á vefsíðu félagsins og sent í tölvupósti á skráða tengiliði félaga. Á aðalfundi félagsins skulu að minnsta kosti eftirfarandi mál tekin til afgreiðslu:*

- 1) Skýrsla stjórnar*
- 2) Reikningar liðins reikningsárs*
- 3) Breytingar á samþykktum félagsins*
- 4) Skipan í stjórn*
- 5) Kjör skoðunarmanns reikninga*
- 6) Önnur mál*

*Stjórn félagsins sem og 1/3 félaga hafa heimild til að óska eftir aukafundum í félaginu. Um aukaaðalfund gilda sömu viðmið og um aðalfund.*

10. gr.

Aðrar stjórnareiningar

Framkvæmdastjóri félagsins annast daglegan rekstur félagsins. Hann skal ráðinn í opnu og faglegu ráðningarferli samkvæmt hæfniskröfum sem stjórn ákveður hverju sinni. Sitjandi stjórnarmaður getur ekki gegnt starfi framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir óska.

Stjórn félagsins er heimilt að skipa fagrað sem er ráðgefandi varðandi starfsemi félagsins.

11. gr.

Endurskoðendur

Stjórn félagsins skal velja löggiltan endurskoðanda til að endurskoða reikninga félagsins fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna félagsins.

12. gr.

Reikningsárið

Reikningsárið er almanaksárið.



13. gr.

Breytingar á samþykktum félagsins skulu gerðar á aðalfundi félagsins. Tillögur um þær skulu berast formanni og framkvæmdastjóra félagsins eigi síðar en þremur vikum fyrir aðalfund félagsins og þeir sjá um að áframsenda þær á félagsmeðlimi tveimur vikum fyrir aðalfund. Að lágmarki 2/3 þeirra félagsmeðlima sem sækja lögmætan aðalfund þarf til að samþykkja breytingar á samþykktum. Þó verður 2. mgr. 8. gr. ekki breytt án samþykkis stofnfélaga sem hafa greitt árgjald og sækja lögmætan aðalfund.

Ákvörðun um slit félagsins skal tekin á aðalfundi félagsins og um hana gilda sömu reglur og um breytingar á samþykktum félagsins. Við slit félagsins skal eignum þess ráðstafað í þágu þeirra markmiða sem fram koma í 3. gr.

**[Í 13. gr. er aftur vísað í rökin um að páskar geti gert að verkum að fólk hafi of knappan tíma til að skoða breytingatillögur sem sendar eru inn. Lagt er til að fresturinn til að leggja fram breytingatillögur verði fjórar vikur fyrir aðalfund og að breytingatillögurnar verði sendar félagsmönnum í kjölfarið, eigi síðar en þremur vikum fyrir aðalfund.]**

**Orðlaginu „félagsmeðlima“ er breytt í „félaga“**

**Síðaðasta málsgrein í fyrstu efnisgrein dettur út þar sem stofnfélagar verða ekki lengur með fast sæti í stjórn]**

*13. gr.*

*Breyting samþykktu og slit félagsins*

*Breytingar á samþykktum félagsins skulu gerðar á aðalfundi félagsins. Tillögur um þær skulu berast formanni og framkvæmdastjóra félagsins eigi síðar en fjórum vikum fyrir aðalfund félagsins og þeir sjá um að áframsenda þær í kjölfarið á félaga, eigi síðar en þremur vikum fyrir aðalfund. Að lágmarki 2/3 þeirra félaga sem sækja lögmætan aðalfund þarf til að samþykkja breytingar á samþykktum.*

*Ákvörðun um slit félagsins skal tekin á aðalfundi félagsins og um hana gilda sömu reglur og um breytingar á samþykktum félagsins. Við slit félagsins skal eignum þess ráðstafað í þágu þeirra markmiða sem fram koma í 3. gr.*

Samþykktir þessar voru samþykktar á aðalfundi félagsins og öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 9. maí 2014

*Reykjavík, 27. apríl 2017*

